

**Skýrsla Bankasýslu ríkisins:
Framlagning skuldbindandi tilboðs
Landsbankans hf.
í allt hlutafé TM trygginga hf.**

12. apríl 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Upplýsingagjöf Landsbankans	5
■ Inngangur	5
■ Óformlegar viðræður Landsbankans við Kviku um kaup á TM í júlí 2023	6
■ Framlagning Landsbankans á skuldbindandi tilboði í TM í mars 2024.....	6
Ákvæði eigandastefnu ríkisins	7
■ Inngangur	7
■ Markmið ríkisins um eignarhald í fjármálafyrirtækjum.....	7
■ Skipulag eigandahlutverksins	11
■ Meginreglur eigandastefnu	11
■ Stjórnarhættir, kröfur og árangursviðmið	12
Stefna stjórnvalda	13
Greinargerð Landsbankans	14
Niðurstaða og næstu skref.....	16
Viðauki	17

Inngangur

Vísað er til bréfs ráðherra til stofnunarinnar dags. 18. mars sl. varðandi skuldbindandi tilboð Landbankans hf. („Landbankinn“) á öllu hlutafé Kviku banka hf. („Kvika“) í TM tryggingum hf. („TM“) fyrir 28,6 ma.kr. (hér eftir „viðskiptin“) sem og svarbréfs Bankasýslu ríkisins til ráðherra dagsett sama dag. Þá er vísað til bréfs stofnunarinnar til formanns bankaráðs Landbankans, dags. 18. mars sl., sem og greinargerðar bankaráðs dags. 22. mars sl. Þá er einnig vísað til bréfs ráðherra til stofnunarinnar dags. 5. apríl sl.

Í bréfi Bankasýslu ríkisins til Landbankans dags. 18. mars sl. lýsti stofnunin yfir „vonbrigðum með ákvarðanatöku og upplýsingagjöf“ varðandi viðskiptin. Eftir lestur á greinargerð Landbankans dags. 22. mars sl. er það niðurstaða Bankasýslu ríkisins í tengslum við viðskiptin að upplýsingagjöf bankans til stofnunarinnar hafi verið ófullnægjandi með vísan til ákvæðis 5.6. gr. samnings um almenn og sértæk markmið í rekstri Landbankans frá desember 2010, ákvæðum eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki¹ og þeim formlega hætti sem viðhafður hefur verið í miðlun mikilvægra upplýsinga af hálfu fjármálafyrirtækja til Bankasýslu ríkisins.

Þá telur stofnunin að Landbankinn hafi ekki sýnt að viðskiptin séu í samræmi við önnur ákvæði eigandastefnunnar varðandi markmið ríkisins um eignarhald, meginreglur og stjórnarhætti, kröfur og árangursviðmið, arðsemi, arðgreiðslur og áhættu. Þá telur stofnunin þau ekki vera í samræmi við stefnu stjórnvalda, eins og nánar verður gerð grein fyrir. Þannig vekur það athygli stofnunarinnar að Landbankinn virðist hafa valið einu leiðina við kaup á TM sem ekki kallar á aðkomu eða samþykki hluthafa með nokkrum hætti. Þá hafa viðskiptin í för með sér að eiginfjárhlutfall bankans lækkar niður að settum lágmarksmarkmiðum auk þess sem að rökstuðningi fyrir mögulegum samlegðaráhrifum skortir með öllu.

Verður nú gerð frekari grein fyrir ofangreindum niðurstöðum Bankasýslu ríkisins út frá upplýsingagjöf Landbankans, ákvæðum eigandastefnu ríkisins, stefnu stjórnvalda, greinargerð Landbankans og næstu skrefum í málinu.

¹ Hér ber að geta þess að skv. ákvæðum 2. mgr. 1. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins ber stofnuninni að “[fara] með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við [...] eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma”. Aftur á móti er heiti stefnunnar frá febrúar 2020 “Eigendastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki”.

Upplýsingagjöf Landsbankans

■ Inngangur

Bankasýsla ríkisins telur að upplýsingagjöf Landsbankans varðandi framlagningu skuldbindandi tilboðs til Kviku í TM í mars 2024 hafi ekki verið í samræmi við ákvæði samnings um almenn og sértæk markmið í rekstri Landsbankans frá desember 2010, ákvæðum eigandastefnu eða með þeim formlega hætti sem viðhafður hefur verið í upplýsingamiðlun á milli aðila. Þá telur stofnunin að bankinn geti ekki, þegar kemur að upplýsingagjöf, skýlt sér á bak við þá staðreynd að tilboðshafi sé með skráð hlutabréf á skipulegum markaði.

Í fyrsta lagi hefur Landsbankinn samningsbundnar skyldur gagnvart Bankasýslu ríkisins um upplýsingagjöf. Ákvæði 5.6. gr. (mikilvæg mál) samningsins eru svohljóðandi: "Bankinn skal án tafar og til viðbótar við ofangreinda skýrslugjöf upplýsa hluthafa um öll mikilvæg mál sem upp kunna að koma, eða eru ákveðin af bankanum og gætu haft afgerandi áhrif á rekstur og efnahag. Jafnframt skal bankinn upplýsa Bankasýslu ríkisins um öll mikilvæg mál sem upp kunna að koma eða eru ákveðin af bankanum og kunna að hafa áhrif á atriði er varða samninginn." Þannig hvílir sú frumkvæðisskylda á herðum bankaráðs Landsbankans að upplýsa Bankasýslu ríkisins sérstaklega um öll slík mikilvæg mál. Fellur framlagning skuldbindandi tilboðs Landsbankans til Kviku á hlut í TM þar undir, enda er um að ræða stærstu kaup bankans á félagi frá stofnun í október 2008 og meiriháttar breyting á stefnu hans.

Í öðru lagi hefur Landsbankinn ákveðnar frumkvæðisskyldur gagnvart Bankasýslu ríkisins varðandi miðlun upplýsinga til stofnunarinnar, skv. ákvæðum fjórða kafla núgildandi eigandastefnu frá febrúar 2020, og þá sérstaklega ákvæðum greinar 4.6. (upplýsingagjöf, árangursmælingar og samskipti við fulltrúa eigenda). Þannig segir í d-lið þeirrar greinar að „[kynna skuli] Bankasýslu ríkisins fyrir hönd eiganda fyrirætlanir félagsins um meiri háttar breytingar á starfsemi þess.“ Þá segir einnig í e-lið sömu greinar að „[ef] sérstök ástæða þykir skal tilkynna um annað sem er á döfinni hjá félaginu og rétt þykir að eigandi sé upplýstur um þótt það kalli ekki á ákvarðanir af hans hálfu.“² Fellur framlagning skuldbindandi tilboðs Landsbankans í TM augljóslega þar undir.

Í þriðja lagi hafa samskipti og miðlun upplýsinga til Bankasýslu ríkisins frá þeim fjármálfyrirtækjum, þar sem stofnunin hefur farið með ráðandi eignarhlut, eins og t.d. Landsbankanum og Íslandsbanka, verið með formlegri hætti. Þannig hafa þessi fjármálfyrirtæki t.d. sent til stofnunarinnar árlega drög að tillögum stjórnar (eða bankaráðs) til aðalfunda þeirra, eins og t.d. varðandi stafsþingastefnu og þóknanir til stjórnar- eða bankaráðsmanna, áður en að endanlegar tillögur eru samþykktar af þeirra hálfu og birtar opinberlega. Er ljóst að miðlun upplýsinga af hálfu Landsbankans um viðskiptin var í engu samræmi við þær formlegu aðferðir, sem viðhafðar hafa verið í miðlun mikilvægra upplýsinga sem Landsbankanum ber í ljósi frumkvæðisskyldu bankans.

² Í þessu sambandi má benda á að Íslandsbanki hf. hefur opinberlega gert grein fyrir því að bankinn hafi lagt fram tilboð í TM sem var þó háð samþykki hluthafa, ólíkt Landsbankanum.

■ Óformlegar viðræður Landsbankans við Kviku um kaup á TM í júlí 2023

Fram hefur komið að formaður bankaráðs Landsbankans hafi með tölvupósti dags 11. júlí sl., sem var sendur fyrir hönd bankaráðs, til stjórnarformanns og forstjóra Bankasýslu ríkisins, upplýst stofnunina um áhuga Landsbankans á TM. Í þeim tölvupósti kom jafnframt fram að formaður bankaráðs myndi halda stjórnarformanni og forstjóra stofnunarinnar upplýstum um framgang mála. Þann 20. júlí sl. sendi svo formaður bankaráðs Landsbankans tölvupóst til stjórnarformanns og forstjóra Bankasýslu ríkisins, þar sem stofnunin er upplýst um það að ekki hafi komist á formlegar viðræður við Kviku vegna TM. Að mati Bankasýslu ríkisins gaf þessi tölvupóstur til kynna að viðræðum Landsbankans við Kviku vegna TM hafi verið lokið.

Bankasýsla ríkisins telur að upplýsingagjöf Landsbankans um þessar fyrirætlanir bankans, eins og þær birtust í þessum samskiptum í júlí 2023, hafi verið í fullu samræmi við skyldur Landsbankans skv. ákvæðum samnings um almenn og sértæk markmið á milli aðila, ákvæðum eigandastefnu ríkisins og með þeim formlega hætti sem viðhafður hefur verið í upplýsingamiðlun á milli aðila. Þá telur stofnunin þessi samskipti, sem áttu sér stað í júlí 2023, einnig vera í fullu samræmi við starfsreglur bankaráðs Landsbankans og þá sérstaklega ákvæði greinar 5.2.14 um hlutverk formanns bankaráðs „[að] bera ábyrgð á samskiptum bankaráðs við hluthafa bankans.“ Þau er einnig unnt að rekja og staðreyna.

■ Framlagning Landsbankans á skuldbindandi tilboði í TM í mars 2024

Bankasýsla ríkisins telur aftur á móti að upplýsingagjöf Landsbankans varðandi framlagningu skuldbindandi tilboðs í TM í mars 2024 hafi verið með öllu ófullnægjandi og í engu samræmi við samningsbundnar skyldur bankans skv. samningi um almenn og sértæk markmið, ákvæði eigandastefnu ríkisins og þeim formlega hætti sem viðhafður hefur verið í miðlun upplýsinga af hálfu fjármálfyrirtækja til Bankasýslu ríkisins. Í þessu sambandi getur bankaráð Landsbankans ekki vikið frá þessari upplýsingarskyldu með vísan í stöðu seljanda sem félags með skráða hluti á skipulegum markaði.

Stofnunin var einungis upplýst formlega um framlagningu skuldbindandi tilboðs eftir að Kvika hafði tekið því sunnudaginn 17. mars sl., en hefði þess í stað átt að vera upplýst um það með nægjanlegum fyrirvara áður en að það var lagt fram föstudaginn 15. mars sl. Telur stofnunin að þriggja mínútna símtal formanns bankaráðs og formanns stjórnar þann 20. desember sl. sé í engu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til Landsbankans eða bankaráðs þess, enda ekki í nokkru samræmi við formlegu upplýsingagjöf Landsbankans vegna áhuga á TM í júlí á síðasta ári. Þá geta samtöl, sem einstakir bankaráðsmenn áttu við Bankasýslu ríkisins þann 16. janúar sl. þar sem skv. greinargerðinni „var farið ítarlega yfir áhuga bankans á að kaupa tryggingarfélag“ og „rætt um að tryggingar féllu vel að bankastarfsemi“, ekki talist samrýmanleg ákvæðum starfsreglna bankaráðs, enda ber formaður þess ábyrgð á samskiptum við hluthafa, skv. ákvæðum greinar 5.2.14 í starfsreglunum. Þannig ríkti algjör þögn af hálfu bankaráðs um málið í um þrjá mánuði, eða frá 20. desember sl. til 17. mars sl.

Í ljósi frumkvæðisskyldu bankaráðs Landsbankans er þetta viðhorf gagnvart eiganda í ósamræmi við ákvæði eigandastefnu ríkisins, en í inngangskafli hennar segir m.a.: „Áhersla er lögð á reglubundin samskipti og upplýsingagjöf milli eiganda og félags um rekstur og stefnumörkun félagsins“. Framlagning skuldbindandi tilboðs í TM 15. mars sl. er meiriháttar, stefnumarkandi ákvörðun af hálfu Landsbankans sem bankanum bar að greina stofnuninni frá með vísan til ofangreinds.

Ákvæði eigandastefnu ríkisins

■ Inngangur

Bankasýsla ríkisins telur einnig að framlagning Landsbankans á skuldbindandi tilboði í TM hafi ekki verið í samræmi við eigandastefnu ríkisins. Hér skal til viðbótar minnt á að í gr. 3. í samningi Bankasýslu ríkisins og Landsbankans skuldbatt bankinn sig til þess að haga starfsemi bankans í samræmi við bestu framkvæmd um góða stjórnarhætti, eigandastefnu ríkisins og í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti á fjármálamarkaði. Telur stofnunin kaup Landsbankans á TM hvorki til þess fallin að draga úr umsvifum og áhættu hins opinbera á fjármálamarkaði, né auðvelda arðgreiðslur eða sölu á hlut ríkisins í bankanum í framtíðinni.

Mynd V1 í viðauka sýnir hlutdeild ríkisins í eigin fé viðskiptabanka og váttryggingafélaga þann 31. desember sl., bæði fyrir viðskiptin og að teknu tilliti til viðskiptanna. Sýnir myndin að eftir viðskiptin muni hlutdeild þess í eigin fé hluthafa í fjórum váttryggingafélögum samsvara tæpum þriðjungi og hlutdeild í eigin fé hluthafa í viðskiptabönkunum fjórum að viðbættum váttryggingafélögum samsvara tæplega helmingi. Þannig aukast umsvif og áhætta hins opinbera sem eigandi fyrirtækja á fjármálamarkaði. Einnig telur stofnunin að kaupin auðveldi ekki arðgreiðslur bankans, m.a. vegna bindingar viðskiptanna á eigin fé bankans, eða framtíðar sölu á hlut ríkisins í honum, sem eykst með viðskiptunum.³ Þá er það einnig álitamál hvort að ákvörðun af þessari stærð hefði átt að bera undir samþykki hluthafafundar m.a. í samræmi við áherslur í eigandastefnu um jafnræði hluthafa. Í þessu sambandi er vert að benda á að í árslok 2023 voru hluthafar bankans samtals 849.⁴

Núgildandi eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá febrúar 2020 er í fjórum köflum. Fyrsti kafli fjallar um markmið ríkisins um eignarhald í fjármálafyrirtækjum, annar kafli um skipulag eigandahlutverks, þriðji kafli um meginreglur eigandastefnu og síðasti kafllinn um stjórnarhætti, kröfur og árangursviðmið. Verður nú nánar fjallað um framlagningu skuldbindandi tilboðs Landsbankans í TM og hvernig það sé ósamrýmanlegt ákvæðum allra kafla eigandastefnunnar.

■ Markmið ríkisins um eignarhald í fjármálafyrirtækjum

Í inngangi að fyrsta kafla segir m.a. að „mikilvægt [sé] að umsýsla þessara eignarhluta sé fagleg, traust og á markaðsforsendum, m.a. til að hámarka söluandvirði og arðgreiðslur fyrir skattgreiðendur, enda um verðmætar samfélagseignir að ræða.“

Í kaflanum fjallar grein 1.1 um markmið ríkisins sem eiganda. Í ákvæðum a-liðar (um að umsýsla eignarhalds og starfsemi fjármálafyrirtækja stuðli að trausti og trúverðugleika fjármálamarkaðar) er

³ Hér má geta þess að í ákvæðum eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá september 2009, sem var viðauki við samninginn frá desember 2010, segir m.a.: „Fjármálastofnanir sem ríkið á hlut í skulu leggja áherslu á hefðbundna viðskiptabankastarfsemi.“ Eins og fjallað verður um síðar liggja ekki fyrir skýr markmið og stefna af hálfu Landsbankans um eignarhald á TM.

⁴ Sjá t.d. ákvæði fyrstu meginreglu þriðja kafla, þar sem segir: „Jafnræðis skal gætt í samskiptum eigenda og milli eigenda og félags.“ Sjá einnig ákvæði d-liðar greinar 4.2 (um stjórnarhætti), þar sem segir: „Félagið skal gæta jafnræðis gagnvart öðrum hluthöfum félagsins.“ Sjá til viðbótar ákvæði f-liðar greinar 4.6 (um upplýsingagjöf, árangursmælingar og samskipti við fulltrúa eiganda), en þar segir: „Félagið skal gæta jafnræðis við upplýsingagjöf til eigenda“. Þá hefur Landsbankinn samningsbundnar upplýsingaskyldur gagnvart öðrum hluthöfum heldur en Bankasýslu ríkisins skv. ákvæðum greinar 5.6. í samningi aðila.

fjallað m.a. um verklagsreglur, sem fjármálafyrirtækjum beri að setja um starfsemi sína. Þar segir sérstaklega að „[verklagsreglur] [...] skulu vera skriflegar, gagnsæjar og öllum aðgengilegar [...] [og] meðal annars snúa að fjárfestingum [...]“. Þá segir einnig í ákvæðum b-liðar (um að stuðla að samkeppni á fjármálamarkaði) að „[meðferð] eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum [skuli] miða að því að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði, m.a. með því að stuðla að því að öflug og virk samkeppni ríki milli fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins.“ Þá segir í ákvæðum c-liðar sömu greinar (um hámarkun langtímavirðis fyrir ríkissjóð að teknu tilliti til áhættu): „Tryggja þarf að þau fjármálafyrirtæki sem ríkið á hluti í skili viðunandi arði til hluthafa að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.“

Í grein 1.2 er fjallað svo um markmið um sölu og eignarhald til framtíðar. Þar segir m.a. í ákvæðum b-liðar (um að gæta langtímahagsmuna ríkissjóðs að teknu tilliti til áhættu): „Leitast skal við að hámarka langtímavirði eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum að teknu tilliti til arðsemi í rekstri þeirra (þ.m.t. arðsemi eigin fjár og eigna), arðgreiðslna, söluverðs hlutabréfa og annarra þátta sem máli skipta. Taka skal mið af því meginmarkmiði ríkisins að greiða niður skuldir ríkissjóðs og skapa þannig aukið rými til að standa undir opinberri þjónustu og fjárfestingum ríkisins í framtíðinni. Reglulegar og viðunandi arðgreiðslur og/eða sala hlutabréfa í fjármálafyrirtækjum eru lykilatriði til að ná þessu markmiði. Meta þarf reglulega stöðu og áhættu ríkisins af eignarhaldi á meirihluta íslenskra fjármálafyrirtækja, t.d. með tilliti til hættu á fjármálaáfalli.“⁵

Í grein 1.3 er loks fjallað um markmið varðandi einstök félög. Þar eru ákvæði a-liðar (um Landsbankann) sérstaklega skýr: „Ekki verður tekin ákvörðun um söluferli á neinum hlutum ríkisins í Landsbankanum fyrr en eftir að ríkið hefur selt allan eignarhlut sinn í Íslandsbanka.“

Bankasýsla ríkisins telur því að viðskiptin séu ekki í samræmi við ofangreind ákvæði fyrsta kafla eigandastefnu ríkisins. Verður nú nánari grein gerð fyrir niðurstöðu stofnunarinnar varðandi þau ákvæði sem varða fjárhagslega hagsmuni ríkissjóðs.⁶

Þar sem ljóst er að ekki stendur til að selja eignarhlut í Landsbankanum í fyrirsjáanlegri framtíð, verður markmiði eigandastefnunnar um hámarkun á langtímavirði eignarhluta ríkisins fram að sölu annars vegar náð með aukinni arðsemi rekstrar og hins vegar með frekari arðgreiðslum. Tafla 1 sýnir arðsemi Landsbankans og TM á árinu 2023. Tafla 2 sýnir svo áhrif viðskiptanna á eiginfjár- og lausafjárhlutfall Landsbankans m.v. 31. desember sl.

⁵ Þess má geta að Tryggingarmiðstöðin hf., forveri TM, tapaði 17,6 ma.kr. árið 2008, þegar meiri háttar fjármálaáfall varð á Íslandi.

⁶ Leiða má að því líkur að viðskiptin séu ekki í samræmi við samkeppnisákvæði eigandastefnunnar. Þá er ekki vítað hvort að Landsbankinn hafi skriflegar verklagsreglur varðandi ráðstöfun fjármuna eins og segir einnig í eigandastefnunni. Er ekki þörf að fjalla nánar um viðskiptin í ljósi þessara ákvæða.

Tafla 1: Arðsemi Landsbankans og TM á árinu 2023 (fjárhæðir í m.kr.)⁷

	<u>Landsbankinn</u>	<u>TM</u>	<u>Samtals</u>
Eigið fé, hagnaður og arðsemi			
Eigið fé hluthafa í byrjun árs	279.091	18.269	297.360
Eigið fé hluthafa í lok árs	<u>303.754</u>	<u>19.812</u>	<u>323.566</u>
Áætlað meðaltal eigin fjár á árinu 2023	291.423	19.040	310.463
Hagnaður ársins sem tilheyrir hluthöfum	33.167	1.650	34.817
Heildarafkoma ársins sem tilheyrir hluthöfum	33.167	1.517	34.684
Arðsem eigin fjár hluthafa m.v. hagnað	11,4%	8,7%	11,2%
Arðsem eigin fjár hluthafa m.v. heildarafkomu	11,4%	8,0%	11,2%

Tafla 2: Eiginfjár- og lausafjárhlutfall Landsbankans að teknu tilliti til viðskiptanna⁸

	<u>Raunstaða</u>	<u>Eftir kaup á TM</u>	<u>Eftir kaup á TM og mótvægis-aðgerðir</u>
Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1	22,0%	20,5%	20,5%
Eiginfjárhlutfall þáttar 1	22,0%	20,5%	21,5%
Samtals eiginfjárhlutfall	23,6%	22,1%	23,1%
Heildarlausafjárþekja	180,8%	157,0%	168,0%

Tafla 1 sýnir að arðsemi félaganna til samans hefði verið lægri heldur en arðsemi Landsbankans eins og sér.⁹ Tafla 2 sýnir svo að eiginfjárhlutfall Landsbankans muni minnka vegna viðskiptanna, þ.e. hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 úr 22,0% í 20,5%, og samtals eiginfjárhlutfall úr 23,6% í 22,1%. Taflan sýnir einnig að heildarlausafjárþekja bankans muni lækka af sömu ástæðu, þ.e. úr 180,8% niður í 157,0%. Þessi lækkun á eigin fé og lausu fé Landsbankans leiðir til lækkunar á arðgreiðslusvigrúmi hans.

Töflurnar sýna þannig að viðskiptin fari gegn ákvæðum eigandastefnu um að „hámarka langtímavirði eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum“. Má þannig segja að vegna þessarar þrengingar á arðgreiðslusvigrúmi Landsbankans sé ekki verið að vinna að „því meginmarkmiði ríkisins að greiða

⁷ Heimild: Ársreikningar Landsbankans og TM fyrir árið 2023. Tekur ekki tillit til áhrifa viðskiptanna á eigið fé og hagnað sameinaðs félags eða viðskipta, sem félögin kunna að hafa átt á milli sín á árinu.

⁸ Heimild: Greinargerð bankaráðs Landsbankans 22. mars 2024.

⁹ Landsbankinn getur aukið arðsemi bankans með þremur leiðum. Í fyrsta lagi með innri vexti, þ.e. aukningu útlána. Í öðru lagi með ytri vexti, t.d. með kaupum á öðrum fyrirtækjum í fjármálaþjónustu eða útlánasöfnum. Í þriðja lagi með útgreiðslu hlutfjár, þ.e. arðgreiðslum. Hér ber þó að geta þess að fjármögnun innri vaxtar, ytri vaxtar og útgreiðslu umfram eiginfjár með útgáfu víkjandi láns sem tilheyrir viðbótar eigin fjár í þætti 1 gæti tímabundið leitt til lægri arðsemi, vegna undirliggjandi fjármagnskostnaðar. Útgáfa slíks víkjandi láns er „mótvægisáðferð“ af hálfu Landsbankans til að milda áhrif á eiginfjárbindingu sem fylgir viðskiptunum. Eins og síðar verður vikið að koma engar upplýsingar fram í greinargerð bankans um að kaupin á TM hefðu verið besti valkostur bankans af þessum þremur til að ná markmiði um betri arðsemi. Sjá einnig umfjöllun um ákvæði sáttmála ríkisstjórnarinnar.

niður skuldir ríkissjóðs“ á meðan ekki stendur til að selja eignarhlut í bankanum „fyrr en eftir að ríkið hefur selt allan eignarhlut sinn í Íslandsbanka.“

Að lokum telur Bankasýsla ríkisins töflurnar hér á undan sýna að viðskiptin séu heldur ekki í samræmi við ákvæði eigandastefnunnar um áhættu, eins og t.d. c-liðar greinar 1.1. um „[að] hámarka langtímavirði fyrir ríkissjóð að teknu tilliti til áhættu“ og b-liðar greinar 1.2 um „[að] gæta langtímahagsmuna ríkissjóðs að teknu tilliti til áhættu“. Eins og fram kemur í greinargerð bankans, þá mun eiginfjárhlutfall hans lækka úr 23,6% niður í 22,1% að teknu tilliti til viðskiptanna, en fyrir mótvægisáðgerðir, þ.e. útgáfu víkjandi láns sem tilheyrir viðbótar eigin fé í þætti 1 að fjárhæð um 13,5 ma.kr.

Viðskiptin munu því auka áhættu í rekstri Landsbankans og þá sérstaklega í ljósi lækkunar á eiginfjárhlutfalli.¹⁰ Myndir V2, V3 og V4 í viðauka sýna samanburð á eiginfjárhlutfalli viðskiptabankanna í árslok 2023, eiginfjárhlutfall Landsbankans í árslok 2023 fyrir kaupin á TM, eftir kaupin á TM og eftir kaupin á TM og mótvægisáðgerðir í samanburði við lágmarks eiginfjármarkmið bankans og sögulega þróun á eiginfjárhlutfalli Landsbankans frá árslokum 2011 til ársloka 2023.

Viðskiptin munu, fyrir mótvægisáðgerðir, leiða til þess að lágmarks eiginfjárhlutfall bankans muni einungis vera 0,1% hærra heldur en lágmarksmarkmið bankans, sem er 22,0%.¹¹ Það veldur Bankasýslu ríkisins vonbrigðum að bankaráð Landsbankans sýni ekki meiri áhættuvitund. Eins og mynd V2 sýnir var eiginfjárhlutfall Landsbankans í árslok 2023 samtals 23,6% og það lægsta á meðal stóru viðskiptabankanna þriggja. Samtals eiginfjárhlutfall Kviku var þá 22,6%. Mynd V3 sýnir svo að eiginfjárhlutfall Landsbankans muni lækka í 22,1% eftir kaupin á TM og yrði þá lægra en hjá Kviku. Myndin sýnir einnig að eftir kaupin á TM og mótvægisáðgerðir muni það hækka í 23,1% og verða þá hærra en hjá Kviku. Þótt að það liggi ekki ljóst fyrir á þessari stundu, má gera ráð fyrir því að eiginfjárbinding Kviku muni lækka vegna viðskiptanna og eiginfjárhlutfall þess banka þar af leiðandi hækka. Mynd V4 sýnir svo að frá árslokum 2011 hefur eiginfjárhlutfall Landsbankans aldrei farið neðar heldur en 21,4% og haldist hærra heldur en 22,0% allar götur síðan m.v. ársfjórðungslega stöðu. Má í þessu sambandi nefna að á síðustu tíu árum hefur eiginfjárhlutfall Landsbankans aldrei farið neðar en 23,6% m.v. lok hvers ársfjórðungs, þ.e. þann 31. desember sl. og þann 30. september 2019. Sú staðreynd að bankaráð Landsbankans hefur valið að fjármagna kaupin með reiðufé og útgáfu víkjandi láns sem tilheyrir viðbótar eigin fé í þætti 1, og er afar dýr fjármögnunarkostur, veldur Bankasýslu ríkisins frekari vonbrigðum út frá áhættusjónarmiðum.¹²

¹⁰ Þann 4. apríl sl. hækkaði S&P Global Ratings (S&P) lánshæfismat stóruviðskiptabankanna, þ.m.t. Landsbankans, í BBB+. Í umfjöllun um lánshæfismat Landsbankans nefndi S&P ekki viðskiptin eða möguleg áhrif þeirra á lánshæfismat bankans til hækkunar eða lækkunar í framtíðinni.

¹¹ Í ársuppgjöri fyrir Landsbankann fyrir árið 2017 kemur fram markmið um það að eiginfjárhlutfall bankans eigi að vera að lágmarki 23,0%. Var það sett í samhengi við lágmarkskröfur FME að viðbættum stjórnendaauka á bilinu 1,5% til 2,5%. Í ársuppgjöri bankans fyrir árið 2020 er þessu lágmarks markmiði breytt þannig að það verður 22,0%. Hefur það haldið allar götur síðan.

¹² Þann 5. mars sl. gaf Landsbankinn út almenn skuldabréf í evrum með ávöxtunarkröfu sem samsvaraði 2,25% álagi umfram skiptimarkaðsvexti (e. swap rates). Á skuldbréfamörkuðum banka er oft áætlað að álag á skuldabréfi sem tilheyrir eigin fjár þætti 2 sé tvöfalt og álag á víkjandi lán í þætti 1 sé fjórfalt. Þann 23. mars 2023 gaf Landsbankinn út skuldabréf, sem tilheyrir eigin fé í þætti 2, í íslenskum krónum með 10,10% ávöxtunarkröfu.

■ Skipulag eigandahlutverksins

Í öðrum kafla eigandastefnunnar er fjallað um hlutverk Alþingis, fjármála-og efnahagsráðuneytis, Bankasýslu ríkisins, valnefndar stofnunarinnar, stjórnar og bankaráða fjármálafyrirtækja og Seðlabanka Íslands.

Í grein 2.5 um hlutverk stjórnna og bankaráða segir: „Fjármálafyrirtæki eru rekin á viðskiptalegum forsendum á ábyrgð bankaráða, bankastjórnna og stjórnenda eins og önnur félög.“ Þá segir einnig: „Hlutverk stjórnna fjármálafyrirtækja er að vinna að framgangi fyrirtækjanna í samræmi við lög, reglur, samþykktir og leiðbeinandi tilmæli sem um starfsemina gilda, þ.m.t. samninga um sérstök og almenn markmið í rekstri milli þeirra og Bankasýslu ríkisins. Þeir sem kjörnir eru í stjórnir fjármálafyrirtækja á grundvelli eignarhluta ríkisins skulu fylgja þeim viðmiðum og markmiðum sem sett eru fram í eigandastefnu þessari.“

Bankasýsla ríkisins telur að Landsbankinn hafi litið fram hjá fyrrgreindum ákvæðum eigandastefnunnar við framlagningu skuldbindandi tilboðs í TM. Stofnunin telur að það hafi verið ótvírætt á forræði bankaráðs og innan heimilda þess að leggja fram skuldbindandi tilboð í TM skv. ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Aftur á móti er skýrt að bankaráðið, sem er eingöngu skipað einstaklingum sem kjörnir eru af Bankasýslu ríkisins, verður að hafa fyrrgreind ákvæði til hliðsjónar við töku ákvarðana svo fremi sem þær skarast ekki á við ákvæði laga. Þannig er t.d. ljóst af umfjölluninni hér á undan að eina leiðin til að endurheimta hlutfjárframlag ríkissjóðs til Landsbankans í náinni framtíð er með arðgreiðslum af hálfu bankans.

■ Meginreglur eigandastefnu

Í þriðja kafla eigandastefnunnar er að finna tíu meginreglur, sem „byggjast á sjónarmiðum um góða og árangursríka starfshætti félaga í opinberri eigu“. Í inngangi kaflans segir m.a. „[að] [í] ljósi hins opinbera eignarhalds [sé] mikilvægt að áherslur félags við stjórn og starfsemi þess styðji við og vinni að markmiðum eiganda með eignarhaldinu“.

Bankasýsla ríkisins telur að framlagning skuldbindandi tilboðs af hálfu Landsbankans styðji ekki við, heldur vinni gegn, markmiðum eiganda. Ef viðskiptin leiða til þess að Landsbankinn eignist TM mun starfskjarastefna samstæðunnar að líkindum ekki vera lengur í samræmi við ákvæði áttundu meginreglu eigandastefnunnar, en hún hljóðar svo: „Félagið skal setja sér starfskjarastefnu sem er samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.“ Núgildandi starfskjarastefna Landsbankans endurspeglar þessi ákvæði. Samkvæmt ákvæðum 7. gr. starfskjarastefnunnar þarf bankinn þannig samþykki hluthafafundar taki bankaráð upp kaupaukakerfi innan samstæðu bankans.¹³ Aftur á móti hefur TM slíkt kaupaukakerfi, sbr. reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME) nr. 299/2012. Leiði viðskiptin til yfirtöku Landsbankans á TM mun kaupaukakerfi vera innan samstæðunnar, þvert á ákvæði starfskjarastefnunnar og eigandastefnunnar.

¹³ „Ef bankaráð bankans hyggst taka upp kaupaukakerfi innan samstæðu bankans þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.“

■ Stjórnarhættir, kröfur og árangursviðmið

Í fjórða kafla eigandastefnunnar eru settar fram nánari kröfur og viðmið eiganda til starfseminnar út frá þeim meginreglum, sem voru tilgreindar í þriðja kafla. Bankasýsla ríkisins telur að framlagning skuldbindandi tilboðs í TM hafi ekki verið í samræmi við ákvæði fjórða kafla eigandastefnunnar.

Þannig segir í a-lið greinar 4.2 (stjórnarhættir) að „[mál] er varða félagið [skuli] borin upp á hluthafafundum sem er hinn formlegi vettvangur Bankasýslu ríkisins fyrir hönd eiganda að málefnum þess.“

Þá segir í b-lið sömu greinar að „Bankasýsla ríkisins [framfylgi] ákvörðunum sínum fyrir hönd eiganda á hluthafafundum.“ Er ljóst að stofnunin gat aldrei haft aðkomu að framlagningu Landsbankans á skuldbindandi tilboði í TM þar sem stofnunin var ekki upplýst um þessi áform bankans. Þá boðaði Landsbankinn heldur ekki til hluthafafundar í tengslum við þessa ákvörðun. Er í þessu sambandi óhjákvæmilegt að benda á að bankaráð Landsbankans virðist hafa valið einu leiðina við kaup á TM sem ekki krafðist aðkomu hluthafa, en bankinn hefði auðveldlega getað gert fyrirvara í kauptilboðinu um samþykki hluthafafundar.

Til skýringar á þessari ályktun Bankasýslu ríkisins má segja að hlutafélag getur öðlast yfirráð yfir öðru félagi með ferns konar hætti. Má flokka þessar leiðir síðan eftir því hvort að kaupin séu fjármögnuð með hlutafé yfirtökufélagsins eður ei. Krefjast slík kaup nær undantekningarlaust samþykki hluthafa þar sem kaupnum fylgir útgáfa nýs hlutafjár, eins og sýnt er í töflu 3:

Tafla 3: Leiðir til samruna eða yfirtöku félaga

<u>Áhrif á hlutafé</u>	<u>Leið</u>	<u>Dæmi</u>
Kaup með greiðslu í hlutafé	Samruni Yfirtaka	Samruni Kviku og TM Kaup TM á Lykli
Kaup án greiðslu í hlutafé	Með samþykki hluthafa Án samþykkis hluthafa	Tilboð Íslandsbanka í TM Kaup Landsbankans á TM

Í fyrsta lagi getur félag eignast annað félag með samruna. Þarf samruni félaga nær undantekningarlaust samþykki hluthafa bæði yfirtökufélags og hins yfirtekna félags, sbr. ákvæði XIV. kafla laga nr. 2/1995. Í slíkum tilfellum er hluthöfum hins yfirtekna félags greitt með hlutum í yfirtökufélaginu. Af þeim sökum þarf slíkur samruni samþykki hluthafafundar. Dæmi um slíkan samruna er samruni Kviku, TM og Lykils fjármögnunar hf. (“Lykill”) árið 2021.

Í öðru lagi getur félag eignast annað félag með kaupum sem fjármögnuð eru með útgáfu nýs hlutafjár. Dæmi um slík kaup eru kaup TM á Lykli árið 2019.¹⁴ Slík kaup þurfa einnig samþykki hluthafafundar.

Í þriðja lagi getur félag eignast annað með kaupum sem fjármögnuð eru með öðrum hætti heldur en útgáfu hlutafjár. Þarf þá ekki samþykki hluthafa fyrir viðskiptunum. Ef um er að ræða meiriháttar yfirtöku getur yfirtökufélagið aftur á móti skilyrt kaupin eða sett þann fyrirvara við tilboðið að það sé

¹⁴ Dæmi um samruna sem ekki þurfti samþykki hluthafafundar var samruni Landsbankans og Sparisjóðs Vestmannaeyja árið 2015. Var hann ákvarðaður af FME án aðkomu hluthafa Landsbankans m.a. vegna þess að sparisjóðurinn uppfyllti ekki lögbundnar eiginfjárkröfur. Greiddi Landsbankinn stofnfjáreigendum sparisjóðsins, þ.m.t. ríkissjóði, með eigin bréfum sem bankinn hélt þegar á.

háð samþykki hluthafa. Íslandsbanki gerði t.d. tilboð á sama tíma og Landsbankinn í TM og var tilboð Íslandsbanka háð samþykki hluthafa bankans. Í fjórða lagi getur félag svo eignast annað með sams konar hætti en gert tilboð sem ekki er háð samþykki hluthafa. Dæmi um slíkt eru framlagning Landsbankans á skuldbindandi tilboði í TM.

Bankasýsla ríkisins hefur skilning á því að fjármálafyrirtæki eins og Kvika vilji ekki eignast hluti í öðru fjármálafyrirtæki vegna mikillar bindingar á eigin fé sem hlýst í kjölfarið og hefði þar af leiðandi valið að selja TM fyrir reiðufé. Tilboð Íslandsbanka í TM gæti hafa verið með þeim hætti, en ólíkt Landsbankanum, kaus Íslandsbanki að setja samþykki sinna hluthafa sem skilyrði fyrir kaupunum.

Stefna stjórnvalda

Framlagning Landsbankans á skuldbindandi tilboði í TM var einnig í ósamræmi við stefnu stjórnvalda eins og hún birtist með öðrum hætti heldur en með eigandastefnu. Að þessu leyti vitnar stofnunin í sáttmála ríkisstjórnarinnar og afstöðu fjármála- og efnahagsráðherra.

Í *Sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs* frá 28. nóvember 2021 segir: “Stjórnvöld munu halda áfram að draga úr eignarhaldi ríkisins í fjármálakerfinu og nýta fjármuni sem liggja í slíkum rekstri í uppbyggingu innviða.” Má augljóslega álykta að það sé ekki í samræmi við yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar eins og þau birtast í sáttmálanum að auka eigi við eignarhald ríkisins í fjármálakerfinu, eins og felst í viðskiptunum, enda verða þeir fjármunir, sem Landsbankinn bindur vegna viðskiptanna, ekki nýttir í uppbyggingu innviða a.m.k. á meðan bankinn heldur á hlutum í tryggingafélaginu.

Eins og fram kom í bréfi Bankasýslu ríkisins til ráðherra þann 18. mars sl. var bankaráði kunn afstaða ráðherra til fyrirætlana Landsbankans varðandi kaupin. Afstaða ráðherra („*Hugnast ekki að Landsbankinn kaupi TM*“) birtist með opinberum hætti fyrstu vikuna í febrúar.¹⁵ Kom skýrt fram á fundi Bankasýslu ríkisins með bankaráði Landsbankans þann 18. mars sl. að bankaráði hafi verið kunnugt um afstöðu ráðherra. Þar að auki hefur komið fram í fjölmiðlum að ráðherra hafi átt fund „með stjórnendum Landsbankans“ þann 21. febrúar sl. þar sem ráðherrann lýsti yfir „andstöðu við kaup á TM“. Bankasýsla ríkisins hefur ekki verið upplýst af bankaráði Landsbankans um hvað fór fram á fundinum.¹⁶

¹⁵ Sjá https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2024/02/06/hugnast_ekki_ad_landsbankinn_kaupi_tm/

¹⁶ Þess ber að geta að eigandastefna ríkisins gerir ráð fyrir slíkum fundum, sbr. ákvæði greinar 2.3 (um Bankasýslu ríkisins).

Greinargerð Landsbankans

Þann 22. mars sl. birti bankaráð Landsbankans greinargerð vegna bréfs stofnunarinnar dags. 18. mars sl. um kaup bankans á öllu hlutafé í TM. Bankasýsla ríkisins telur upplýsingagjöf bankans í greinargerðinni hafi verið ófullnægjandi.

Í fyrsta lagi er Bankasýsla ríkisins í megin dráttum ósammála þeim ályktunum sem bankaráðið dregur í greinargerð sinni, eins og umfjöllunin hér á undan gefur til kynna. Greinir stofnunina og bankann þar greinilega á um atriði eins og upplýsingaskyldu bankaráðs og upplýsingagjöf þess til stofnunarinnar varðandi viðskiptin. Þá telur Bankasýsla ríkisins að bankaráðið færi ekki nægjanlegar sannanir fyrir því að viðskiptin „[minnki] sveiflur í rekstri“. Í þessu sambandi bendir stofnunin á greiningu á afkomu starfsþátta váttryggingafélaga á Íslandi í töflu V1. Sýnir hún mikil áhrif fjárfestinga og fjárfestingarstarfsemi, sem í eðli sínu er sveiflukennnd, á arðsemi félaganna.¹⁷

Í öðru lagi upplýsti bankaráð Landsbankans stofnunina ekki um það í greinargerðinni að stjórnendur bankans hefðu átt fund með ráðherra þar sem ráðherra á að hafa lýst andstöðu við fyrirhuguð kaup. Fram hefur komið í fjölmiðlum að fundurinn hafi átt sér stað þann 21. febrúar sl.¹⁸ Þá veitir Bankasýsla ríkisins því athygli að fram kemur í greinargerð bankaráðs að það hafi fundað daginn eftir þennan fund stjórnenda með ráðherra, þ.e. þann 22. febrúar sl., þar sem var farið yfir „þróun og stöðu mála“.

Í þriðja lagi telur Bankasýsla ríkisins greinargerðina ekki fullnægjandi varðandi möguleg samlegðaráhrif kaupa bankans á TM og framtíðararðsemi. Er fjallað um hana með afar óljósum hætti á bls. 10-11. Á bls. 10 segir að „Landsbankinn og ráðgjafar bankans [hafi] unnið að greiningu á rekstri og framtíðarhorfum TM auk greiningar á samþættingartækifærum Landsbankans og TM [...] [og ítarlegar greiningar] á tekju- og kostnaðarsamlegð [...]“. Þá segir á bls. 11 að bankinn „[sjái] fram á [að] ná fram vexti með samlegð“, að „[ráðgjafar] bankans [hafi teiknað] upp mismunandi grunn- og samlegðarmyndir út frá ítarlegri greining á rekstri TM og samþættingartækifærum“, og að í „varfærnustu samlegðarsviðsmynd [sé] áætlað að fjárfesting í TM geti skilað innri ávöxtun umfram 18%“. Bankasýsla ríkisins telur að það vanti ítarlegri rökstuðning þar að lútandi, eins og t.d. hvort samlegðaráhrif yrðu tekju- og gjaldamegin, á hvaða rekstrarsviði þau myndu verða og hvernig þau muni atvikast. Þá virðist áætluð samlegðaráhrif mikil í samanburði við afkomu og arðsemi TM á árinu 2023.¹⁹ Þess ber að geta að þegar Kvika eignaðst TM árið 2021 áætlaði bankinn að árleg samlegðaráhrif myndu vera á bilinu 1.200 og 1.500 m.kr. eftir árið 2022. Gerði samrunaáætlun þessara félaga ráð fyrir því að „stærsti hluti kostnaðarsamlegðar [kæmi] til vegna hagkvæmari fjármögnunar“.²⁰ Þrátt fyrir umfjöllunina á bls. 10-11 í greinargerðinni kemst Landsbankinn ekki að neinni niðurstöðu varðandi

¹⁷ Á árinu 2023 tóku váttryggingafélög upp alþjóðlegan reikningsskilastaðal IFRS 17 um váttryggingasamninga. Af þeim sökum gjörbreyttist framsetning rekstrarreikninga þeirra og því ekki unnt að gera nákvæman samanburð á afkomu þeirra í sögulegu samhengi. Þess ber þó að geta að skv. ársreikningi TM fyrir 2023 var “afkoma af fjárfestingum” neikvæð á tveimur ársfjórðungum og að skv. ársreikningi félagsins fyrir 2022 voru “fjárfestingatekjur” einnig neikvæðar á tveimur ársfjórðungum.

¹⁸ <https://www.visir.is/g/20242546801d/lysti-yfir-and-stodu-vid-kaup-a-tm-a-fundi-med-stjorn-endum-lands-bankans>

¹⁹ Árið 2023 námu hagnaður og heildarafkoma TM 1.650 m.kr og 1.517 m.kr., sem samsvaraði arðsemi eigin fjár á bilinu 8,0% til 8,7%. Ávöxtun sem samsvaraði 18,0% á fjárfestingu bankans í TM að fjárhæð 28,6 ma.kr. jafngilti hagnaði að fjárhæð um 5.150 m.kr.

²⁰ Í samrunaáætluninni var Kvika “yfirtökufélag” og TM og Lykill “yfirtekin félög”.

fram tíðar samlegðar áhrif og hvað þá einskiptis kostnað, sem alltaf fellur til við slík kaup.²¹ Bankasýsla ríkisins dregur í efa að sams konar samlegðaráhrif séu fyrir hendi í tilfalli yfirtöku Landsbankans á TM vegna hagstæðrar fjármögnunar, eins og í tilfalli samruna Kvikú og TM.²² Þá er einnig talið að mestu samlegðaráhrifin í þeim samruna hefðu komið til vegna Lykils, sem var dótturfélag TM á þeim tíma, sem Kvika mun halda eftir. Einnig ber að skoða möguleg samlegðar áhrif í því samhengi að ætla má að TM muni starfa sem sérstakt dótturfélag Landsbankans, eins og TM gerði hjá Kvikú, enda með sterkt vörumerki. Varðandi möguleika á betrubótum á arðsemi TM telur Bankasýsla ríkisins rétt að benda aftur á greiningu á afkomu og arðsemi starfspátta váttryggingarfélaganna í töflu V1. Gæti hún bent til þess að besta leiðin að því markmiði gæti falist í aukinni ávöxtun fjárfestingastarfsemi, og þar af leiðandi áhættu, frekar en betrubótum annarra tekju- eða útgjaldaliða.

Í fjórða lagi er óhjákvæmilegt að taka það fram að Bankasýsla ríkisins telur að bankaráð Landsbankans hafi ekki sýnt fram á að kaupin á TM samrýmist eigandastefnu ríkisins og þjóni langtímahagsmunum hluthafa eins og fram hefur komið hér á undan.

²¹ Til samanburðar gerði samrunaáætlun Kvikú, TM og Lykils ráð fyrir einskiptiskostnaði bæði árið 2021 og 2022.

²² Þá mætti ætla á grundvelli stærðar Landsbankans og TM á viðskiptabanka- og tryggingarmarkaði að félögin hafi marga sameiginlega viðskiptavinum nú þegar.

Niðurstaða og næstu skref

Upplýsingagjöf Landsbankans til Bankasýslu ríkisins í tengslum við framlagningu skuldbindandi tilboðs í TM í mars 2024 var ekki í samræmi við ákvæði samnings um almenn og sértæk markmið í rekstri bankans og ákvæði eigandastefnu ríkisins. Þá voru þau ekki með þeim formlega hætti sem viðhafður hefur verið, ólíkt upplýsingagjöf Landsbankans til Bankasýslu ríkisins um áhuga bankans á TM í júlí 2023.

Þá var framlagning Landsbankans á skuldbindandi tilboði í TM ekki í samræmi við ákvæði eigandastefnu ríkisins um áherslur á arðgreiðslur félaga, niðurgreiðslur skulda ríkisins og lágmarkun á áhættu, sérstaklega í ljósi þess að ekki stendur til að selja hlut ríkisins í bankanum í náinni framtíð. Að teknu tillit til viðskiptanna mun eiginfjárlutfall Landsbankans t.d. vera einungis 10 punktum, eða 0,1%, hærra en lágmarks markmið bankans og yrði það lægsta í sögu bankans síðan í mars 2012. Þá vekur það athygli stofnunarinnar að Landsbankinn virtist hafa valið einu leiðina að eignast hlut í TM sem kallaði ekki á aðkomu hluthafa bankans.

Einnig var framlagning bankans á skuldbindandi tilboði ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda, eins og hún birtist í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá febrúar 2020 og sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs frá nóvember 2021.

Loks var greinargerð bankaráðs ófullnægjandi, bæði varðandi atburðarrásina sem leiddi til skuldbindandi tilboðsins og rökstuðning fyrir framlagningu þess. Þrátt fyrir það að Bankasýsla ríkisins sé ekki í stöðu til að meta ábata viðskiptanna, telur stofnunin rökstuðning Landsbankans fyrir þeim rýran m.a. varðandi möguleg samlegðaráhrif og samanburð við aðra möguleika á ráðstöfun á eigin fé bankans. Bankasýsla ríkisins getur þannig ekki lagt mat á viðskiptin í ljósi skorts á upplýsingum frá Landsbankanum.

Á fundi sínum þann 10. apríl sl. ákvað stjórn Bankasýslu ríkisins, með aðstoð valnefndar stofnunarinnar, að tilnefna nýja einstaklinga í bankaráð Landsbankans fyrir aðalfund hans þann 19. apríl nk. Að honum loknum mun stofnunin óska eftir fundi með nýju bankaráði. Á þeim fundi hyggst stofnunin leggja áherslu á að bankaráðið meti viðskiptin með aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga og þá valkosti sem bankinn hefur í stöðunni með hliðsjón af ákvæðum laga og eigandastefnu ríkisins. Jafnframt mun Bankasýsla ríkisins ítreka mikilvægi þess að bankaráðið fari eftir ákvæðum eigandastefnu ríkisins og samningi bankans við stofnunina. Bankasýsla ríkisins telur að bankaráð Landsbankans gæti t.d. litið til sölu á TM til þriðja aðila, frumútboðs á hlutum í félaginu, útgreiðslu hluta til eigenda eða endurskipulagningar starfspáttu innan samsteypu bankans og TM.


Viðauki

Tafla V1: Afkoma og arðsemi starfspáttu váttryggingafélaga árið 2023 (fjárhæðir í m.kr.)²³


	<u>Sjóvá</u>	<u>TM</u>	<u>VÍS</u>	<u>Vörður</u>
Afkoma starfspáttu				
Líftryggingar	1.151	-	-	808
Skaðatryggingar	<u>544</u>	-	-	<u>(270)</u>
Váttryggingastarfsemi	1.695	1.253	(662)	538
Fjárfestingar	4.500	1.807	4.033	1.080
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	<u>(894)</u>	<u>(808)</u>	<u>(1.184)</u>	<u>(607)</u>
Fjárfestingastarfsemi	3.606	998	2.848	473
Fjármálastarfsemi	-	-	(128)	-
Aðrar tekjur og gjöld	<u>43</u>	<u>(118)</u>	<u>(266)</u>	<u>11</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt	5.344	2.133	1.791	1.023
Eigið fé samstæðu				
Samtals eigið fé í byrjun árs	21.332	18.269	17.325	9.235
Samtals eigið fé í lok árs	<u>23.321</u>	<u>19.812</u>	<u>21.172</u>	<u>10.091</u>
Áætlað meðaltal eigin fjár á árinu	22.327	19.040	19.248	9.663
Arðsemi eigin fjár				
Líftryggingar	5,2%	-	-	8,4%
Skaðatryggingar	<u>2,4%</u>	-	-	<u>-2,8%</u>
Váttryggingastarfsemi	7,6%	6,6%	-3,4%	5,6%
Fjárfestingar	20,2%	9,5%	21,0%	11,2%
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	<u>-4,0%</u>	<u>-4,2%</u>	<u>-6,2%</u>	<u>-6,3%</u>
Fjárfestingastarfsemi	16,2%	5,2%	14,8%	4,9%
Fjármálastarfsemi	-	-	-0,7%	-
Aðrar tekjur og gjöld	<u>0,2%</u>	<u>-0,6%</u>	<u>-1,4%</u>	<u>0,1%</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt	23,9%	11,2%	9,3%	10,6%

²³ Heimild: Ársreikningar eftirtalinna félaga fyrir árið 2023: Sjóvá-Almennar tryggingar hf. ("Sjóvá"), TM, Váttryggingafélag Íslands ("VÍS") og Vörður tryggingar hf. ("Vörður").

Mynd V1: Hlutdeild ríkisins í eigin fé hluthafa váttryggingafélaga og viðskiptabanka í árslok 2023²⁴




Mynd V2: Eiginfjárhlutfall viðskiptabanka í árslok 2023²⁵




²⁴ Heimild: Ársreikningar viðskiptabanka og váttryggingafélaga árið 2023.

²⁵ Heimild: Ársreikningar viðskiptabanka árið 2023.

Mynd V3: Eiginfjárhlutfall Landsbankans í árslok 2023²⁶



Mynd V4: Eiginfjárhlutfall Landsbankans frá árslokum 2011 til 2023²⁷



²⁶ Heimild: Greinargerð bankaráðs Landsbankans.22. mars 2024.

²⁷ Heimild: Fjárhagsdagbækur Landsbankans.